



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 62/2016

Fyrri verð tilboðsvara hjá Hópkaup

I.

Málsmeðferð

1.

Í tilefni ábendinga sem stofnuninni bárust um að ljósmyndanámskeið auglýst á heimasíðu Hópkaup með 40% afslætti hefði ekki verið selt á tilgreindu fyrri verði, sendi Neytendastofa Hópkaup ehf., bréf, dags. 30. mars 2016. Í bréfinu var athygli fyrirtækisins vakin á ákvæðum 5. gr., 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr., 11. gr., 17. gr. og 18. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Fór Neytendastofa fram á að Hópkaup færði sönnur á að ljósmyndanámskeiðið hefði verið selt á því verði sem tilgreint var sem fullt verð, áður en til afsláttar kom.

2.

Ekkert svar barst Neytendastofu innan tilskilins frests. Með bréfi Neytendastofu til Hópkaup, dags. 19. apríl 2016, var erindi Neytendastofu frá 30. mars 2016 ítrekað og óskað eftir svörum. Svar barst með símtali Hópkaup, dags. 29. apríl 2016, þar sem fram kom að verið væri að útvega viðeigandi gögn. Fulltrúi Hópkaup bað jafnframt um að afrit af bréfunum yrðu send féluginu á ný. Með tölvubréfi, dags. sama dag voru afrit af bréfum stofnunarinnar, dags. 30. mars og 19. apríl 2016, send Hópkaup.

Með tölvubréfi Neytendastofu til Hópkaup, dags. 23. maí 2016 var vísað til fyrri samskipta og óskað eftir upplýsingum um hvort gögn myndu berast frá Hópkaup. Engin frekari svör bárust.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta var tekið upp í tilefni ábendinga sem Neytendastofu bárust um að ljósmyndanámskeið auglýst á heimasíðu Hópkaup með 40% afslætti hefði ekki verið selt á tilgreindu fyrri verði



áður en tilboðið tók gildi. Um var að ræða markaðssetningu á sex vikna ljósmyndanámskeiði ljósmyndanámskeid.is á verðinu 27.000 kr. og fyrra verð námskeiðs kynnt sem 45.000 kr. Þrátt fyrir ítrekuð erindi Neytendastofu bárust ekki efnisleg svör frá Hópkaup vegna málsins.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er skv. ákvæðinu nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laganna sem er í III. kafla þeirra er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laganna verða fyrirtæki að geta fært sönnur á fullyrðingar sem koma fram í auglýsingum eða með öðrum hætti.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við og í d. lið segir:

„verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum.“

Ákvæði 11. gr. laganna sem er í III. kafla þeirra er svohljóðandi:

„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“

Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir að neytendur séu blekkir í auglýsingum eða upplýsingum um útsölur.



Með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 hefur Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Í 3. gr. reglnanna segir:

„Þegar auglýst er lækkað verð á vöru eða þjónustu skal fyrra verð vera það verð sem varan var seld á áður en til lækkunar kom. Seljandi skal geta sannað að vara eða þjónusta hafi verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð.“

3.

Tilgangur ofangreindra ákvæða er að koma í veg fyrir að neytendum séu veittar rangar eða villandi upplýsingar um verðlækkunir. Ákvæðin taka til verðlækkana í hvaða formi sem þær eru, þó með þeirri undantekningu þegar seljendur gera almenna verðbreytingu án þess að kynnt sé sérstaklega að um tiltekið verðhagræði sé að ræða. Þannig er ákvæðunum ætlað að tryggja að um verðlækkun sé að ræða sem felur í sér raunverulegt verðhagræði fyrir neytendur. Til þess að ná því markmiði er kveðið á um að seljandi skuli geta sannað að vara hafi verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð áður en til verðlækkunar kom. Tilgreint fyrra verð þarf að vera síðasta verð sem varan var seld á auk þess sem gerð hefur verið krafa um að varan hafi verið seld á því verði í nokkurn tíma. Í reglum nr. 366/2008 er ekki settur fram lágmarkssölutími eða krafa um fjölda seldra vara á fyrra verði heldur er það metið í hverju tilviki fyrir sig út frá þeim vörum sem um er að ræða, auk tímalengdar og fjölda annarra verðlækkana á vörunni. Þá er litið svo á að þegar verðlækkun hefur staðið í sex vikur sé ekki lengur um sérstakt verðhagræði að ræða heldur telst hið lækkaða verð vera orðið almennt verð vörunnar. Þannig gera lög og reglur, sem verðlækkun varðar, ekki kröfu um að verð vöru sé hækkað að sex vikum liðnum en gerð er krafa um að látið sé af því að verðlækkunin sé markaðssett sem slík.

Með ákvörðunum Neytendastofu í bréfi, dags. 8. júlí 2014 og 14. apríl 2016, komst Neytendastofa að því að Hópkaup hefði brotið gegn 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 366/2008. Var Hópkaup bannað að auglýsa vörur til sölu á tilboði þegar ekki væri um raunverulega verðlækkun að ræða en í hvorugu máli þótti tilefni til þess að beita stjórnvaldssektum. Í ákvörðununum komst Neytendastofa jafnframt að því að Hópkaup geti ekki talist auglýsingamiðill fyrir aðra seljendur og beri ábyrgð á að markaðssetning og annað efni sem fram komi á vefsíðunni sé í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2005.

Hópkaup verður að geta fært sönnur á fullyrðingar um verðlækkunir sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti á vefsíðu fyrirtækisins og gildir það jafnvel þótt auglýst sé fyrir önnur fyrirtæki. Þar sem Hópkaup hefur ekki séð sér fært að svara erindum stofnunarinnar eða leggja fram viðeigandi gögn sem sýnt gætu fram á að um raunverulega verðlækkun hafi verið að ræða á ljósmyndanámskeiðinu telur Neytendastofa að Hópkaup hafi á ný brotið gegn 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 366/2008.



4.

Líkt og komið hefur fram hefur Neytendastofa í tvígang tekið ákvarðanir gagnvart Hópkaup vegna sambærilegra brota. Í þeim málum var ekki talin ástæða til álagningar stjórnvaldssektar. Þrátt fyrir ákvarðanir Neytendastofu hefur Hópkaup ekki fært viðskiptahætti sína við framsetningu á tilboðsverðum til lögmæts horfs

Samkvæmt a. og b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafli laganna. Í máli þessu liggur fyrir að brotið hefur verið gegn ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 366/2008.

Neytendastofa telur ekki þörf á að afla frekari gagna í málinu til þess að unnt sé að taka stjórnvaldsákvörðun í málinu en skortur á svörum Hópkaup kemur til álita við ákvörðun um álagningu sekta.

Með vísan til alls framangreinds og að teknu tilliti til fyrri brota Hópkaups, skorts á svörum, annarra sektarákvarðana stofnunarinnar og að teknu tilliti til meðalhófs- og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa rétt að leggja á Hópkaup ehf., stjórnvaldssekt að fjárhæð 250.000 kr. (tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

III.

Ákvörðunarorð:

„Hópkaup ehf., Sóltúni 26, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæðum 5. gr., 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og 3 gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði, með því að kynna lækkað verð á ljósmyndanámskeiði ljósmyndanámskeid.is, án þess að geta sýnt fram á að um raunverulega verðlækkun hafi verið að ræða.



Með heimild í a. og b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Hópkaup ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 250.000 kr. (tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkisjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 6. desember 2016

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir